



[Nafn málshefjanda.]

Reykjavík, 24. nóvember 2020.

Efni: Kvörtun út af ummælum alþingismanns á þingfundu.

Vísað er til erindis þíns til forsætisnefndar 29. október sl., þar sem rakin eru tilgreind ummæli Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, alþingismanns, á 12. þingfundu 21. október sl., undir liðnum störf þingsins. Í erindi þínu er lýst þeirri afstöðu að ummælin hafi brotið gegn tilgreindum ákvæðum siðareglna fyrir alþingismenn og óskað eftir því að forsætisnefnd sendi málið til siðanefndar Alþingis til rannsóknar skv. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Þegar horft er til gildissviðs siðareglnanna verður að hafa í huga að skv. 3. gr. þeirra koma þær til fyllingar þeim skyldum sem alþingismenn hafa samkvæmt stjórnarskrá, þingskópum og úrskurðum forseta Alþingis um góða reglu, sbr. 1. mgr. 8. gr. þingskapa Alþingis. Skiptir þetta máli þegar tekin er afstaða til þess hvort unnt sé að fjalla um erindi þitt á grundvelli siðareglnanna, sbr. 16. – 19. gr. Í þessu sambandi ber að líta til þess að málið varðar tjáningu þingmanns sem lýtur fundarstjórn forseta Alþingis, sbr. 1. mgr. 8. gr. þingskapa. Án þess að leggja mat á ummælin er ljóst, að framkvæmd, að forsetar hafa í afskiptum sínum af tjáningu þingmanna, sem settar eru vissar skorður skv. 73. og 94. gr. þingskapa, játað þeim umtalsvert svigrúm. Er þá horft til þess að Alþingi er einstakur vettvangur fyrir umræður í lýðræðislegu þjóðfélagi, sem hefur grundvallarþýðingu. Endurspeglast slikt í ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi Alþingis og hefur það lögmaða að tryggja frjálsar umræður í þinginu. Þannig verður t.a.m. enginn alþingismaður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingis leyfi, sbr. 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinna. Slikar reglur eru settar í þágu starfa Alþingis sem heildar, en ekki í þágu einstakra þingmanna. Þó getur skipt máli hvaða aðferðum þingmaður beitir til þess að koma tjáningu sinni á framfæri, t.d. orðfæri eða ótilhlýðileg framkoma. Hvernig brugðist er við sliku er á forræði forseta Alþingis, í samræmi við fyrirmæli stjórnarskrár og þingskapa. Í framkvæmd hefur enn fremur verið litið svo á að þingmenn njóti ríkrar verndar til þáttföku í opinni og frjálsri stjórmálaumræðu í lýðræðisþjóðfélagi, sbr. Björgu Thorarensen: *Stjórnskipunaréttur* 2015, bls. 312. Í því máli sem erindi þitt lýtur að er um að ræða viðbrögð þingmannsins við umfjöllun í fjölmöldum um þýðingu merkja sem lögreglumenn hefðu borið við störf sín og ósk hennar um fund í allsherjar- og menntamálanefnd um málið.



Telji almennur borgari að forseti hafi ekki gætt þess að þingmenn gæti góðrar reglu í máli sem hann varðar verður að hafa í huga að athafnir eða athafnaleysi forseta við stjórn þingfunda sæta ekki endurskoðun. Ágreiningur um slikt verður því ekki borinn undir forsætisnefnd eða eftir atvikum leitað álits siðanefndar á honum. Í ljósi þess er það niðurstaða forsætisnefndar að skilyrði brestur til þess að nefndin taki erindi þitt til athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn. Er þá einnig horft til þeirrar ríku verndar sem tjáningarfrelsi þingmanna nýtur samkvæmt stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Með þessu er afskiptum forsætisnefndar af máli þínu lokið hér með, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "S. Þorvaldsson", is placed here, likely belonging to the president mentioned in the text above.

F O R S E T I A L Þ I N G I S